



# Áveitan

11. tbl. 17. árgangur. Nóvember 2023

**AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS**

**Í ÞINGBORG**

**MENNINGARNEFND FLÓAHREPPS ÁSAMT**

**BERGLINDI BJÖRK GUÐNADÓTTUR KYNNA MEÐ  
STOLTI FYRSTU STÓRU AÐVENTUTÓNLEIKANA Í**

**FLÓAHREPPI**

**FJÖLBREYTT OG SPENNANDI DAGSKRÁ**

**DESEMBER**

**7**

**HEITT KAKÓ  
PIPARKÖKUR  
KAFFI / SMÁKÖKUR**

**ÓVÆNTIR  
GESTIR  
HOHOHÓ**

**KAFFI FLÓI  
KAKÓBAR**

**HÚSIÐ OPNAR KL 19**

**VIÐBURÐUR HEFST KL 19.30**

**MIÐAVERÐ KR.3500 / UNGMENNI 13-16 ÁRA KR.1500**

**FRÍTT FYRIR 12 ÁRA OG YNGRI**

**MIÐASALA AUGLÝST SÍÐAR**

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@floaskoli.is

845-9719  
865-5692

## Pistill sveitarstjóra



Kæru sveitungar og lesendur Áveitunnar



Fyrsti vetrardagur rann upp um liðna helgi í björtu og fallegu veðri.

Vonandi heldur þessi veðurbliða áfram eitthvað fram í veturinn. Munum að njóta þessara góðu daga með útiveru og hreyfingu í okkar fallegu náttúru.

Október hefur verið viðburðarríkur. Sveitarstjórn kom saman í byrjun mánaðarins. Á þeim fundi voru m.a. samþykktar uppfærðar reglur um hvatagreiðslur í Flóahreppi ásamt áætlunum sem snúa að jafnrétti og jafnlaunastefnu, stefnu og viðbragðsáætlun Flóahrepps vegna eineltis, ofbeldis og kynferðislegrar áreitni ásamt uppfærðri starfsmannastefnu Flóahrepps. Samþykktar stefnur og áætlanir birtast á heimasíðu Flóahrepps.

Sveitarstjórn samþykkti einnig á fundi sínum að hefja vinnu við gerð nýs deiliskipulags sem nær yfir allt iðnaðar- og athafnasvæðið í Heiðargerði þ.e. núverandi deiliskipulagt svæði ásamt því svæði sem er í eigu sveitarfélagsins norðan við það. Unnið er að kortlagningu á sprungusvæði á nýja svæðinu til að sjá betur hvernig nýta megi svæðið sem best. Töluverð uppbygging er á svæðinu í Heiðargerði og má nefna að Orkugerðin er að stækka verksmiðjuhúsið í Heiðargerði 5 til að koma fyrir nýjum búnaði til að auka afkastagetu. Inni í því er

uppsetning á nýjum og fullkomnari búnaði vegna lyktareyðingar. Unnið er að stækkun á bílplani hjá flutningafyrirtækinu í Heiðargerði 4 til að starfsemin rúmist betur á þeirri lóð. Fyrirhugað er að koma upp lokuðu hliði að svæðinu. Það er ánægjulegt að sjá að lóðarleiguhafar á svæðinu hafa tekið til hendinni á svæðinu síðustu mánuði og er það von okkar að áframhaldandi metnaður verði lagður í að halda svæðinu snyrtilegu þrátt fyrir ólíka starfsemi sem þarna fer fram.

Fulltrúar sveitarstjórnar hafa sótt fjölmarga fundi í mánuðinum og má þar nefna ýmsa stjórnarfundi og haustfundi í samstarfsverkefnum, aðalfundi Bergrisans, Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita, Heilbrigðis- eftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Til viðbótar sóttu sveitarstjórnarmenn Ársþing SASS sem fór fram í Vík í Mýrdal dagana 26.-27. október. Á ársþinginu fer fram hefðbundinn aðalfundur og afgreiðsla fjárhagsáætlunar næsta árs fyrir landshlutasamtökin. Á þinginu eru einnig fluttir áhugaverðir fyrirlestrar og þingfulltrúum gafst tækifæri til að eiga samtal við nokkra ráðherra úr ríkisstjórn og við þingmenn Suðurlands sem heimsóttu ársþingið. Í ár mættu einnig framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga ásamt formanni Sambandsins og áttu þau gott samtal við sveitarstjórnarfólk á Suðurlandi. Ályktanir og tillögur frá nefndum sem starfa í aðdraganda ársþingsins voru afgreiddar af þingfulltrúum og verður samantekt þar sem allar ályktanir koma fram birt á heimasíðu SASS á næstunni.

Sveitarstjóri sótti samstarfsfund með lögreglustjóranum og almanna- vörnum á Suðurlandi fyrir bæjar- og sveitarstjóra að ársþingi loknu en gott og reglulegt samstarf og samtal á milli lögreglu, almannavarna og sveitarfélaganna er lykilatriði þegar undirbúa eða grípa þarf til viðbragða við hvers kyns hættu eða ógn sem getur komið upp í samfélaginu okkar.

Oddviti og sveitarstjóri sóttu samráðsfund með Vegagerðinni um vetrarþjónustu. Þar gafst fundargestum tækifæri til að koma með ábendingar og eiga samtál um hugsanlega útfærslu á bættri vetrarþjónustu á svæðinu. Vegagerðin stóð fyrir fundinum að beiðni Innviðaráðuneytisins og mun skila tillögum til ráðuneytisins í nóvember að loknum samskonar samráðsfundum um allt land.

Sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa áttu góðan fund með þingmönnum Suðurkjördæmis í kjördæmaviku þingmanna í byrjun mánaðarins. Á slíkum fundum eru ýmis hagsmunamál sveitarfélagsins rædd ásamt samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Sveitarstjóri fór yfir nokkur mál sem snúa að Flóahreppi og ber þar helst að nefna samgöngumál og vetrarþjónustu, raforkumál, skattlagningu orkumannvirkja og ávinning nærsamfélagsins af orkuvinnslu, jöfnun rafmagnskostnaðar í dreifbýli ásamt ýmsum öðrum mikilvægum málefnum.

Flóahreppur fór í gegnum jafnlaunaúttekt 19. október og fékk í kjölfarið samþykka endurnýjun á jafnlaunavottun. Niðurstaða úttektar var góð og sýnir að stjórnunarkefið sem unnið er samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og felur ekki í sér kynbundna mismunun. Að auki stuðlar kerfið að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Launafulltrúi og sveitarstjóri sinna ut anumhaldi um jafnlaunastaðalinn að mestu leyti og unnu saman að undirbúningi úttektarinnar ásamt því að sitja úttektina sjálfa. Nánari niðurstöður jafnlaunaúttektar verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Haldið var upp á kvennafrídaginn um allt land þann 24. október og tóku okkar konur þátt í deginum á ýmsan hátt. Fjölmargar konur sóttu samstöðufund í Reykjavík eða heiðruðu baráttu kvenna í gegnum ára-

tugina á annan hátt þennan dag. Konur eru stærsti hluti allra starfsmanna hjá Flóahreppi og lögðu þær allflestar niður störf þennan dag sem varð til þess að loka þurfti leik- og grunnskóla ásamt skrifstofu sveitarfélagsins.

Framkvæmdir við styrkingu á vatnsstofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum miðar vel áfram og klárast á næstu vikum. Börkur Brynjarsson verktaki og ráðgjafi sinnir eftirliti á framkvæmdinni og heldur reglulega verkfundi með sveitarstjóra og verktaka til að fara yfir framvindu og stöðu.

Verktakar í Vatnsveitu Flóahrepps vinna stöðugt að umbótum í vatnsveitunni. Töluvert hefur verið um nýtingingar á árinu ásamt nýframkvæmdum og viðhaldsverkefnum. Mikilvægt er að fjárfesta í vatnsveitunni á hverju ári ásamt því að sinna nauðsynlegu viðhaldi enda er vatnsveitan einn af okkar mikilvægustu innviðum. Framundan eru framkvæmdir við miðlunartankinn í Ruddakróki þar sem koma á fyrir hæðarmæli ásamt öðrum framkvæmdum. Miðlunartankurinn verður tæmdur og þrífinn og getur það haft tímabundin áhrif á vatnsþrýsting í hluta sveitarfélagsins og verður það auglýst þegar að því kemur.

Sveitarstjóri fékk formlegt boð á uppskeruhátíð vegna Heimsmarkmiðavinnu í Flóaskóla þann 11. október og var virkilega gaman að hlusta á nemendur á öllum aldri segja frá mismunandi heimsmarkmiðum ásamt því að fá tækifæri til að skoða fjölbreytt verkefni í tengslum við vinnuna. Virkilega flott verkefni þar sem ljóst er að allir fengu að njóta sín á sínum forsendum.

Vinnuhópur vegna uppbyggingar við Flóaskóli skilar af sér lokatillögu til sveitarstjórnar á næstu dögum. Í kjölfarið mun sveitarstjórn taka tillöguna til umræðu og taka ákvörðun um framhaldið í tengslum við

gerð fjárhagsáætlunar. Vinnuhópurinn hefur átt góða og gagnlega fundi og fjölbreyttar hugmyndir litið dagsins ljós. Það verður áhuga-vert að sjá hvað kemur út í þessari vinnu og hvernig framtíðaráformum um uppbyggingu við Flóaskóla verður háttað.

Framundan eru nokkrir viðburðir í sveitarfélaginu sem vert er að hafa í huga og taka tíma frá til að sækja. Þann 4. nóvember kl. 13:00-17:00 standa kvenfélögin í Flóahreppi fyrir sameiginlegum basar í Þingborg. Basarinn er árlegur viðburður þar sem öll innkoma rennur til Sjóðsins góða sem er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs kirkjunnar. Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðþurfum fyrir jólin. Basarinn verður án efa veglegur og verður fjölbreytt og vandað handverk til sölu ásamt því að hægt verður að kaupa kökur og vöfflur á staðnum.

Þann 7. desember stendur menningarnefnd Flóahrepps í samstarfi við Berglindi Björk fyrir fjölskyldutónleikum á aðventunni í Þingborg. Dagskrá er í mótun en ljóst er að þetta verður flottur viðburður fyrir alla aldurshópa. Hvet ykkur til að taka daginn frá og eiga góða stund á aðventunni.

Sveitarstjórn kemur saman til fundar þriðjudaginn 7. nóvember kl. 9:00 í Þingborg. Hægt er að senda inn erindi til hádegis föstudaginn 3. nóvember.

*Að lokum minni ég á að huga að lausamunum fyrir veturinn. Mikilvægt er að fara yfir vegi og plön þannig að aðskotahlutir valdi ekki vandræðum þegar kemur að því að sinna snjómokstri. Að auki er minnt á að virða skal veghelgunarsvæði við vegi en girðingar skulu*

*ekki vera innan veghelgunarsvæðis. Ekki er borin ábyrgð á skemmdum vegna snjómoksturs sem kunna að verða á girðingum eða gróðri innan veghelgunarsvæðis eða á hlutum sem liggja á eða alveg við vegi eða plön. Ef íbúar óska eftir því að sjá sjálfir um mokstur á sínum heimreiðum skal láta vita um slíkt á skrifstofu Flóahrepps.*

Með góðri kveðju,  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

## Útgáfufögnuður

Í tilefni af útgáfu bókarinnar Dreim – Fall Draupnis verður blásið til fögnuðar kl. 17, 17. nóvember nk. í Risinu á efri hæð Mjólkurbús (mathallar) Selfossi. Boðið verður upp á fljótandi veigar, upplestur, bóksölu á sérstökum afsláttarkjörum og áritanir. Yður er öllum boðið!

Kær kveðja,  
Fanney Hrund  
(áður í Hamarshjáleigu,  
nú Fjarkastokki)



## **Opnunartímar gámasvæðisins í Hrísmýri eru eftirfarandi:**

Mánudaga – föstudaga: 13:00-17:00

Laugardaga: 13:00 – 16:00

Þjónusta á starfsstöð er eftirfarandi: almennt sorp, grófur úrgangur, hreint og litað timbur, pappi og pappír, plast, járn og málmar, spilliefni og steinefni.

Hafi íbúar áhuga á að panta til sín gáma á eigin vegum þá er hægt að hafa samband við ÍGF í síma 482-3371 eða á netfangið [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is)  
*Við minnum á að íbúar og fasteignaeigendur þurfa að hafa klippikort til að fá að nota gámasvæðið í Hrísmýri. Klippikortin má nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins í Þingborg.*

## **Húsvarsla í Þingborg og Félagslund:**

Andri Þór Erlingsson og Ingibjörg Einarsdóttir sjá um húsvörslu í Félagslund og Þingborg. Bókanir og fyrirspurnir vegna félagsheimilanna berist í síma 691-7082 eða á netfangið [thingborg@gmail.com](mailto:thingborg@gmail.com).

## **Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:**

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is) til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal. Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á [arni@floahreppur.is](mailto:arni@floahreppur.is).

## **Opnunartími skrifstofu Flóahrepps:**

Opnunartími skrifstofu er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu:

Anna Dóra ritari og gjaldkeri: [anna@floahreppur.is](mailto:anna@floahreppur.is)

Hafdis bókari og launafulltrúi: [hafdis@floahreppur.is](mailto:hafdis@floahreppur.is)

Hulda sveitarstjóri: [hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)

Vegna Flóaljóss: [gudmundur@snerra.com](mailto:gudmundur@snerra.com)

Vegna seyru og rotþróa: [seyra@seyra.is](mailto:seyra@seyra.is) eða sími 832-5105

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848



## Peysur, bolir og húfur!



Nú er í boði að panta Þjóttandafatnað sem gæti t.d. hentað í jólapakkann.

Eins og áður erum við með tvær gerðir af peysum. Rennda hettupeysu á 5.500 kr. og hálfrennda æfingapeysu á 4.000 kr.

Einnig erum við með stuttermabolina vinsælu sem kosta 3.000 kr. Síðast en ekki síst eigum við Þjóttandahúfur á lager sem kosta 1.000 kr.

Öll fötin eru ríflega niðurgreidd af félaginu.

Pantanir og upplýsingar eru hjá Fanneyju á netfanginu fanneyo80@gmail.com, einnig hægt að senda skilaboð eða hringja í síma 892-4155.

Pantanir berist fyrir 10. nóvember.



## Fréttir úr Flóaskóla

Nú höfum við kvatt haustið og heilsað vetri. Skólastarfið gengur mjög vel og er afar ánægjulegt að fylgjast með nemendum við leik og störf. Heimsmarkmiðabemað sem unnið var í október gekk mjög vel. Nemendur lögðu mikinn metnað í vinnu sína og urðu margs vísari um heimsmarkmiðin 17.



Jón Pétur danskennari hefur verið með danskennslu fyrir alla nemendur síðustu viku, þeirri kennslu lýkur á morgun 2. nóvember með uppskeruhátíð í Þjórsárveri.

Vinaleikar Flóaskóla verða haldnir á baráttudegi gegn einelti, 8. nóvember næstkomandi. Þann dag vinna vinabekkir saman að því að leysa fjölbreytt verkefni á stöðvum þar sem samvinna, gleði, hjálpssemi og vinátta verða í hávegum höfð.

Árleg leiksýning unglíngastígs er eitt stærsta verkefni mánaðarins. Nemendur 8.-10. bekkjar vinna nú hörðum höndum að uppsetningu leiksýningar. Um er að ræða farsa í einum þætti sem gerist á elliheimili. Höfundur og leikstjóri verksins er Sindri Mjólnir stundakennari og listamaður. Allir nemendur taka þátt og eiga sitt hlutverk, sem leikarar, sviðsfólk, hvíslarar, tækni- og ljósameistarar, sviðsmyndahönnuðir, leikskrárgerðarfólk, förðunarameistarar og búningagerðarfólk. Stefnt er að því að setja upp þrjár sýningar upp úr miðjum nóvember í Þjórsárveri. Miði á sýninguna kostar 1000 krónur og rennur allur ágóði miðasölunnar í ferðasjóð fyrir árlega skíðaferð unglíngastígs.

Nokkur umræða hefur verið í þjóðfélaginu um síma og snjalltækjanotkun nemenda á skólatíma. Í lok nóvember verður skólaþing í Flóaskóla sem er helgað þessu viðfangsefni.

Fullveldisdaginn 1. desember kl. 20:00 verður haldin Langspilsvaka 2023 í Þingborg. 5. og 6. bekkur hafa nýlokið við langspilssmíði undir leiðsögn Eyjólfssonar söngvara og þjóðfræðings og er viðburðurinn bæði verklokahátíð og undirbúningur fyrir þátttöku langspilshópsins á skólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldbor-

garsal Hörpu á næstu vorönn. Foreldrum og forráðamönnum nemenda við Flóaskóla er sérstaklega boðið á Langspilsvökuna. Forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson hefur boðað komu sína og mun Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar, leika nokkur velvalin lög með langspilshópnum. Einnig mun sérstakur gestur úr röðum ástsælustu söngvara landsins taka lagið.

Skólatónleikarnir með Sinfóníuhljómsveit Íslands verða samtals sjö stuttir tónleikar í febrúar og apríl á næsta ári. Tónleikarnir hverfast um þjóðsagnaarfinn. Sögumaður segir spennandi þjóðsögur sem tvinnast saman við málverk frá Listasafni Íslands, þekkt sinfónísk verk og þjóðlagaútsetningar sérstaklega unnar fyrir langspilshópin og hljómsveitina. Öllum nemendum sem hafa smíðað langspil við skólann er boðinn þátttaka í þessu spennandi og metnaðarfulla verkefni.

Eins og sjá má eru viðfangsefni skólastarfsins fjölmörg og af ýmsum toga og ekki spillir fyrir að eiga að gott fólk eins og þá Jón Pétur og Eyjólf, þeir auðga starf skólans með sínu framlagi.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla

Þórunn Jónasdóttir





# Basar í Þingborg

## 4. nóvember

Kvenfélögin í Flóahreppi standa sameiginlega að basar, sem haldinn verður í Þingborg, laugardaginn 4. nóvember 2023 kl. 13-17.

Öll innkoma rennur til Sjóðsins góða. Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni Lionsklúbba, kvenfélaga, kirkjusókna, félagsþjónustunnar í Árnessýslu, deilda Rauða krossins í Árnessýslu og Hjálparstarfs kirkjunnar. Hlutverk Sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum fyrir jólin.

Veglegur kökubasar, vöfflusala og fjölbreytt, vandað handverk verður til sölu.

Tekið verður við greiðslukortum.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps,  
Kvenfélag Hraungerðishrepps og  
Kvenfélag Villingaholtshrepps



## Frá Villingaholtskirkju

Aðventusamvera verður haldin í Villingaholtskirkju sunnudaginn 3. desember kl. 20.00.

Prestur sr. Ása Björk Ólafsdóttir, organisti Guðmundur Eiríksson, kirkjukórinn syngur.

Hvetjum ykkur til að koma í notalega stund í upphafi aðventu.

Sóknarnefndin



## Aðventuferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Fimmtudaginn 23. nóvember ætla kvenfélagskonur í aðventuferð. Við fáum að fara í Gallerí Ozone á Selfossi eftir lokun þar sem tekið verður á móti okkur með gleði og 20% afslætti. Einnig verður boðið upp á osta - og tapasbakka á 2500 kr á mann.

Því næst förum við í Lily & Julia's Bistro þar sem við veljum eitt-hvað gott af matseðlinum og fáum 10 % afslátt af matnum.

Allar konur velkomnar! Skráning hjá Cathy, Egilsstöðum 2, í síma 8446128 eða á [cathy.krentel@gmail.com](mailto:cathy.krentel@gmail.com)

Hlökkum til að eiga með ykkur skemmtilega kvöldstund

Skemmtinefnd Kvenfélags Villingaholtshrepps





# Annríki, úttektir og viðhald á Þjórsársvæði

## Þrjú styrkir úr samfélagssjóði til Suðurlands

Úthlutað var úr samfélagssjóði Landsvirkjunar í ágústmánuði, í annað sinn á árinu. Að þessu sinni hlutu þrjú verkefni á Suðurlandi styrk. Ungmennafélagið Hekla fékk 500.000 krónur til að byggja upp akstursíþróttasvæði, Sinfóníuhljómsveit Suðurlands fékk 400.000 króna styrk fyrir verkefni Jól í Rangárþingi og Leikskólinn Álfheimar í Árborg fékk 200.000 krónur til að kaupa Bambagróðurhús fyrir útikennslu leikskólabarna.

Umsóknarfrestur vegna næstu úthlutunar er til 30. nóvember, en um sjóðinn má lesa á vefsvæði Landsvirkjunar: [landsvirkjun.is/samfelagssjodur](https://landsvirkjun.is/samfelagssjodur)

## Fréttir frá aflstöðinni

Sumarið og haustið hefur verið annasamt hjá starfsfólki svæðisins. Ásamt hefðbundnu eftirliti á tækjum og búnaði hefur mikill tími farið í endurbætur á rafala í vél 1 í Sultartanga. Sú aðgerð kallar á mikla vinnu og að henni kemur fjöldi aðila innan Landsvirkjunar og utan. Með endurbótunum eykst aflgeta rafala í vél 1 um u.þ.b. 10%.

Ársskoðanir á vélum eru hefðbundin og stór verkefni, en þá er farið í ítarlegt eftirlit með ýmsum hlutum vélanna sem ekki er hægt að skoða nema þær séu stöðvaðar. Við skoðanir þurfa allir að vera samstíga enda er mikilvægt að þær gangi vel til að lágmarka þann tíma sem vélin er ekki tiltæk.



Þá var tuttugu ára gömlum tjakk skipt út við Þórisvatnsmiðlun og undirbúningur hafinn að viðhaldsverkefni næsta vor, þar sem unnið verður að steypuviðgerðum á lokuvirkinu, ásamt því sem viðhaldi verður sinnt á tjökkum og lokum. Endurbætur fóru einnig fram á botnlokuhúsi Krókstóns við Sigölduvirkjun.

Stöðugt er unnið að fyrirbyggjandi viðhaldi, sem felst í því að búnaður er ástands-mældur í gangi, svo hægt sé að fyrirbyggja bilanir sem valda rekstrartruflunum. Þetta er nauðsynlegt þar sem álag á raforkukerfinu er mikið og mikilvægt að allar vélar séu klárar þegar á þarf að halda. Það er frábært að vinna með góðum hópi og á þessu einstaka svæði

## Tryggingaúttektir á Þjórsársvæði

Á hverju ári fáum við heimsókn frá erlendum ráðgjafa sem gerir úttektir sem tryggingafélögin nota til að varpa ljósi á rekstur Landsvirkjunar og meta áhættu við að tryggja okkur.

Þessar úttektir gefa góða mynd af rekstrinum og ástandi búnaðar í aflstöðvum Landsvirkjunar. Í haust voru úttektir í Hrauneyjafossi, Sultartanga og Búrfellsstöð I. Það er alltaf gagnlegt að fá endurgjöf frá þriðja aðila og við höfum í gegnum árin fengið margar góðar ábendingar sem við höfum getað nýtt okkur til að þróa og bæta reksturinn á stöðvunum okkar. Það er gaman að segja frá því að í lok úttektar fékk starfsfólk mikið hrós fyrir það hversu vel er gengið um stöðvarnar og viðhaldi vel sinnt.

## Útfærslu breytt til að lágmarka áhrif Búrfellslundar

Búrfellslundur hefur verið í þróun frá árinu 2012 og hefur útfærslan á verkefninu tekið miklum breytingum með samráði við hagaðila, mati á umhverfisáhrifum, áliti Skipulagsstofnunar og meðferð í rammaáætlun.

Markmið þessara breytinga hefur verið að lágmarka áhrif á umhverfi og samfélag. Í þessu sambandi hefur sérstaklega verið horft til þess að draga úr sjónrænum áhrifum og hefur fyrirhugað vindorkuver verið minnkað úr 200 MW í 120 MW, með allt að 30 vindmyllum í stað 67. Staðsetning á vindmyllum hefur verið færð nær núverandi orkumannvirkjum á svæðinu, auk þess sem framkvæmdasvæði hefur verið minnkað.



Fyrirhugað framkvæmdasvæði afmarkast af Sultartangastiflu að norðanverðu og Þjórsárdalsvegi/Sprengisandsleið að sunnanverðu. Áfram er gert ráð fyrir að vindmyllurnar verði allt að 150 m á hæð. Fyrirhugað er að kynna og auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Búrfellslundar síðla árs 2023, samhliða tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings ytra sem einnig er í ferli. Unnið er að sameiginlegri umhverfismatsskýrslu fyrir báðar tillögurnar sem verður auglýst á sama tíma. Sótt hefur verið um virkjunarleyfi, með fyrirvara um afgreiðslu skipulagsáætlana sveitarfélagsins.

## Hvammsvirkjun

### Virkjunarleyfi og framkvæmdaleyfi

Orkustofnun gaf út virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar í desember 2022. Tíu kærur bárust úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vegna þeirrar ákvörðunar. Nefndin hafnaði flestum sjónarmiðum kæranda og taldi að tiltekni annmarkar væru ekki þess eðlis að þeir gætu leitt til ógildingar leyfisins. Það sem réði hins vegar úrslitum í málinu var að ekki hefði verið tryggt að útgáfa leyfisins væri í samræmi við svokallaða vatnaáætlun, sem fjallað er um í lögum um stjórn vatnamála. Því var virkjunarleyfið fellt úr gildi. Hægt verður að uppfæra leyfið þegar Umhverfisstofnun hefur afgreitt heimild til breytinga skv. vatnaáætlun, sem sótt var um í upphafi árs.

Ákvörðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að veita framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun var einnig kærð til úrskurðarnefndarinnar, sem felldi ákvörðunina úr gildi þar sem forsendur hennar hafi brostið þegar virkjunarleyfi var fellt úr gildi. Áður en framkvæmdir geta hafist þarf að liggja fyrir framkvæmdaleyfi frá bæði Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra.

### Breytt framkvæmdaáform

Undirbúningsframkvæmdir, m.a. vegna nýs aðkomuvegar og vinnslu efnis til vegagerðar, voru boðnar út í maí. Vinna átti að hefjast í júlí, en fallið var frá öllum framkvæmdum vegna þess að virkjunarleyfið var fellt úr gildi og öllum fyrirhuguðum útböðum frestað. Ekki er enn ljóst hvenær framkvæmdir geta hafist, en Landsvirkjun verður tilbúin til að hefjast handa þegar greitt hefur verið úr leyfismálum. Loks má geta þess að Vegagerðin er að undirbúa endurbætur á Hvammsvegi.

### Vinnubúðir í Hvammi 3

Áformað er að vinnubúðir á framkvæmdatíma verði í Hvammi 3, sem er í eigu Landsvirkjunar. Deiliskipulag vinnubúðasvæðisins bíður afgreiðslu, en athugasemdafresti lauk í byrjun október. Steft er að því að bjóða út framkvæmdir við tiltekt á jörðinni á næstu vikum.



### Heytóft frá upphafi byggðar í vegstæði fyrirhugaðs Búðafossvegar

Tóft sem Fornleifastofnun Íslands rannsakaði í landi Vindáss í Rangárþingi ytra er talin hafa verið heystæði. Tóftin er í vegstæði fyrirhugaðs Búðafossvegar. Hún var byggð skömmu eftir að gjóska féll úr Kötlu árið 920, en yfir henni voru tvö gjóskjulög úr Heklu, hið eldra frá 1104. Tóftin er því frá fyrstu öldum byggðar. Þekking á heystæðum frá þeim tíma hefur verið mjög takmörkuð til þessa. Tóftin er fullrannsökuð og öllum fornleifarannsóknum á svæðinu er lokið.



## Meistaramót Þjótanda í skák

Meistaramót Þjótanda í skák verður haldið í Flóaskóla sunnudaginn 19. nóvember og hefst kl 14:00. Keppt verður í opnum flokki og meistaraflokki. Keppendur ráða í hvorn flokkinn þeir skrá sig, en opni flokkurinn er hugsaður fyrir minna vana og meistaraflokkurinn fyrir reyndari keppendur.

Þrír efstu í hvorum flokki fá verðlaunapeninga og sigurvegari í meistaraflokki hlýtur nafnbótina „Þjótandameistari í skák 2023“.

Í fyrra mættu 10 keppendur á mótið og vonum við að þeir verði fleiri í ár. Skráning fer fram á staðnum og er fólk beðið að mæta tímanlega svo hægt sé að byrja að tefla kl 14. Umhugsunartími er 10 mínútur á hverja skák, þeir sem eiga skákklukkur eru beðnir að hafa þær með, en annars verður notast við skákklukkuapp í síma. Mótsstjóri verður Ágúst Valgarð Ólafsson.

Heitt á könnunni og vonandi spennuþrungin stemmning á Meistaramóti Þjótanda í skák 2023!

Sjáumst sem flest og á öllum aldri.



## Messuhald í nóvember

Hraungerðiskirkja, 12. nóvember kl. 14:00.

Gaulverjabæjarkirkja, 19. nóvember kl. 14:00.

Sóknarnefndir

# AÐVENTUHÁTÍÐ FLÓAHREPPS

KYNNIR KVÖLDSINS

SVEINN ORRI EINARSSON

## SÉRSTAKIR HÁTÍÐARGESTIR

BERGLIND BJÖRK GUÐNADÓTTIR SÓPRAN,  
TINNA ÞORVALDS ÖNNUDÓTTIR MEZZOSÓPRAN,  
MARÍA JÓNSDÓTTIR SÓPRAN,  
ÁSAMT JÓNI SIGURÐSSYNI PÍANÓLEIKARA

## SKÓLABÖRN Í

KRAKKABORG OG FLÓASKÓLA  
UNDIR STJÓRN HAFDÍRAR GÍGJU BJÖRNSDÓTTUR

LANGSPILSHÓPUR FLÓASKÓLA  
UNDIR STJÓRN EYJÓLFS EYJÓLFSSONAR

TÓNLISTARNEMENDUR ÚR TÓNLISTARSKÓLA ÁRNESINGA

## KIRKJUKÓRAR

HRAUNGERÐIS-OG VILLINGAHOLLTSKIRKJU  
UNDIR STJÓRN GUÐMUNDAR EIRÍKSSONAR

KAKÓBAR, PIPARKÖKUR, KAFFI OG SMÁKÖKUR  
INNIFALIÐ Í MIÐAVERÐ  
ÓVÆNTIR GESTIR  
KOMA Í HEIMSÓKN



## Höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð

Þar sem ég er komin með þessa frábæru aðstöðu á Selfossi get ég loksins farið að taka við bókunum. Opnunartilboð 4500kr.

Hvað er Höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð (craniosacral therapy) ?

Það er mjög mild meðferð sem þrátt fyrir lítið inngríp hefur mjög djúp áhrif. Styrkur þessa meðferðarforms er m.a. að hluti meðferðarinnar felst í að vinna frá kjarnanum (mænu) og út á við. Þessi meðferð vinnur með líkamanum í að auka eigin getu til að efla starfsemi miðtauga-kerfisins, minnkar neikvæðar afleiðingar streitu, eflir almennt heilsufar og eykur viðnám gegn sjúkdómum.

Í Cranio er unnið með himnukerfi líkamans. Hefur hún reynst vel við streitu og streitutengdum vandamálum, kvíða, taugavandamálum, adhd, vefjagigt, áfallaröskun, vandamálum í ónæmiskerfinu, síþreytu o.s.frv.

Aðferð sem hjálpar líkamanum að losa um spennu, bólgur og önnur vandamál sem safnast hafa upp í honum.

Pantanir berast í síma 8653497 eða facebook skilaboð.

Kveðja, Elísabet Ýr Norðdahl



## Dagskrá mánaðarins:

Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	3. nóv
Kvenfélagsbasar í Þingborg	4. nóv
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	7. nóv
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	10. nóv
Messa í Hraungerðiskirkju kl. 14	12. nóv
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	14. nóv
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	17. nóv
Útgáfufögnuður á Risinu Selfossi	17. nóv
Meistaramót Þjótanda í skák	19. nóv
Messa í Gaulverjarbæjarkirkju kl. 14	19. nóv
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	21. nóv
Aðventuferð kvenfélags Villingaholtshrepps	23. nóv
Þjótandaæfing 2.-4. bekkur	24. nóv
Þjótandaæfing 5.-10. bekkur	28. nóv
Langspilsvaka í Þingborg	1. des

